

FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

3. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2022, MIÐVIKUDAG 21. SEPTEMBER KL. 11:15



1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Umsóknir um leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir.

Af nítján umsóknum sem lágu fyrir fundinn voru fimm sem sóttu um leyfi lengur en í fimm daga.

Umsækjendum er bent á að ef fjarvera er lengri en fimm dagar er ólíklegt að viðkomandi nái 97% skólasókn á önninni.

Skólaráð leggur áherslu á að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Nokkrar umsóknir voru um stöðupróf sem búið var að afgreiða.

Einn nemandi segir sig frá námi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Viðburðadagatal NFFG var lagt fram. Nemendur þurfa að endurskoða tvær dagsetningar. Annars vegar FG-Flens sem áætlaður er 28.10 en það er síðasti kennsludagur haustannar hjá okkur. Hin dagsetningin er árshátíðardagsetningin. Hefðin er sú að árshátíð NFFG er í sömu viku og Imbra og vetrarfrí daginn eftir. Miðað við áætlun NFFG sem lögð var fyrir fundinn þá er árshátíðin tveimur vikum fyrir Imbru.

3. Önnur mál

Rætt var um frí í fyrsta tíma eftir ball – ákveðið að skoða það frekar.

Rætt var líka um próf sem eru í fyrsta tíma eftir ball – erfitt að gera eitthvað í því. Kennarar búnir að skipuleggja próf og verkefni þegar dagsetning nýnemaballs var t.a.m. ákveðin. Í upphafi næstu annar verður dagsetning salsaballs kynnt og kennarar hvattir til að hafa ekki próf eða verkefni í fyrsta tíma daginn eftir.

Nemendastjórnin hvött til að setja eitthvað skemmtilegt á samfélagsmiðla sem hvetur aðra nemendur til að ganga betur um. Mikið svigrúm til að gera betur þar.

Fundinn sátu:

Aðalheiður Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara

Andri Bergmann Ísaksen forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri, fundarritari fundarins

Máni Þór Guðmundsson fjármálastjóri NFFG

Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Fundinn sat líka nemi í náms- og starfsþjálfun.